

Framvinduskýrsla apríl – september 2012

Vinna við heimasíðu www.south.is

Unnið hefur verið við heimasíðuna jöfnum höndum. Mesta vinnan hefur verið fólgin í hvers kyns uppfærslum fyrir ferðapjóna. Nýir aðilar, breytingar á texta og myndauppsetningar. Gott samstarf hefur verið við starfsmenn Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands sem hafa komið að vinnu við viðburðadagatal fyrir Suðurland, uppfært þjónustulista o.fl. Því miður hefur viðburðadagatalið ekki virkað nógu vel. Því veldur bæði erfitt vinnuumhverfi og ruglingsleg birting á vefnum. Reynt hefur verið að gera vinnu við viðburðadagatalið sem aðgengilegasta, bæði fyrir vefumsjónarfólk og þá sem vilja senda inn viðburði. Eins skiptir miklu máli að vanda vel til verka, velja úr réttu viðburðina og kynna þá bæði á íslensku og ensku. Ætlunin er að fara í frekari þróunarvinnu með viðburðadagatalið og hvetja Sunnlendinga til að nota sér þennan miðil til að koma góðum viðburðum á framfæri svo kynning á landshlutanum verði sem fjölbreyttust.

Gerð kynningarefnis

Landshluta- og ímyndarbæklingur

Vinna við endurútgáfu á landshlutabæklingi hófst á vormánuðum. Núna í byrjun september er allt klárt til að ganga frá prentun svo bæklingurinn verði tilbúinn í tengslum við VestNorden sýninguna í byrjun október. Ekki verða miklar breytingar á bæklingnum nema hvað skipta þarf út og bæta við aðilum. Annars er bæklingurinn orðinn ítarlegur og gott upplýsingarit fyrir ferðamenn sem eru að ferðast um Suðurland.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir landshlutabæklingnum. Það hefur færst í vöxt að erlendar ferðaskrifstofur sækist í að fá bæklinginn sendan út í einhverju magni til að nota sem hluta af sínu kynningarefni, þanta stórt upplag. Því miður höfum við þurft að takmarka þessar sendingar þar sem kostnaðurinn er mikill. Eins þarf að vanda dreifingu og koma bæklingnum á framfæri sem víðast. Til þess að mæta þessari eftirspurn fórum við út í að búa til léttan ímyndarbækling með kynningu á hugmyndum um hringleiðir á Suðurlandi. Bæklingurinn hefur vakið athygli og gefist mjög vel og eru kynningaraðilar mjög ánægðir með þessa viðbót.



Kynningarbæklingur um starfsemi MSS

Í september var öllum fyrirtækjum á Suðurlandi send kynning á starfsemi Markaðsstofu Suðurlands. Það er liður í því að minna reglulega á starfsemina og hvetja ný fyrirtæki til þátttöku í verkefninu. Í kjölfarið á þessum sendingum bættust við nokkrir nýir aðilar og er það mikið ánægjuefni. Eins má segja að landshlutablöðin hafa verið mjög dugleg við að koma á framfæri fréttatilkynningum og upplýsingum um starfsemi MSS. Það er mjög mikilvægt að halda ímynd Markaðsstofunnar á lofti og minna reglulega á starfsemina með kynningarefni og fréttatilkynningum svo eitthvað sé nefnt.



Fjölmiðlar

Mikið eru um fyrirspurnir og beiðnir um aðstoð frá erlendum fjölmiðlum um að skipuleggja og aðstoða við ferðir um Suðurland. Þar má nefna aðstoð við uppsetningu ferða, tengingu við heimamenn og kostun ferðabjónustuaðila á ýmiss konar þjónustu, gistingu, afþreyingu og veitingar. Markaðsstofan vinnur þetta með ýmsum fyrirtækjum sem eru aðilar að Markaðsstofunni, ferðamálafulltrúum svæðanna og opinberum stofnunum, s.s. Íslandsstofu og Ferðamálastofu. Framkvæmdastjóri Markaðsstofunnar telur það vera mjög mikilvægt að sinna fjölmiðlum vel og aðstoða þá af fremsta megni við að fá ánægjulega og áhrifaríka upplifun af fjórðungnum okkar. Það skilar sér margfalt í góðri og oft öflugri kynningu. Sem dæmi um fyrirtæki og aðila sem Markaðsstofan hefur haft umsjón með á seinustu mánuðum má nefna:

- Nigel Pickover, Editor, Ipswich Star series
- Erik Van de Perre – (ritstjóri þýskskrar ferðahandbókar)
- LINDSAY BLATT lanternfishmedia.com
- Sebastian Kjær, Denmark Luksus Magazine
- Mark O'Brien *The Reykjavik Grapevine*
- Brandon Rresser | www.brandonpresser.com Lonely planet
- Gaël Chammartin 909 PRODUCTION PARIS
- James Spender Dennis Publishing
- Jean Director, Publicity Fox Home Entertainment Intl.
- Lorraine Leung / Assistant Editor 今日家居 Today's Living Magazine
- Eygló Svala Arnarsdóttir Vefritstjóri / Web Editor Iceland Review, Heimur hf.
- Elizabeth Sanberg Go Green Travel Green Travel Tips for Eco-Conscious Travelers

Sýningar

Á vormánuðum var byrjað að undirbúa Suðurlands kynningu í Höfuðborgarstofu á Menningarnótt. Haft var samband við Sigurð Sigurðsson forsvarsmann Kvæðamannafélagsins Árgalans og athugað hvort áhugi væri á að taka þátt í kynningunni. Tók stjórn Árgalans vel í beiðni Markaðsstofunnar og í byrjun júní hittist undirbúningshópur fyrir sýninguna: framkvæmdastjóri MSS, ferðamálafulltrúar á Suðurlandi og kvæðamenn. Má segja að góður undirbúningur og samstilltur hópur hafi skilað góðum árangri. Viðburðurinn fékk mikla kynningu í útvarpi og blöðum og vakti verðskuldaða athygli á menningarnóttinni sjálfri. Í frétt sem birtist eftir sýninguna sagði m.a.:

Sunnlendingar voru í stóru hlutverki á Menningarnótt í Reykjavík. Það var Markaðsstofa Suðurlands í samstarfi við Kvæðamannafélagið Árgala sem stóð fyrir kveðskap í Höfuðborgarstofu í Reykjavík yfir daginn og vatki atriðið mikla athygli.

Af þessari reynslu að dæma væri athugandi að leggja meiri áherslu á góða viðburði þegar haldnar eru kynningar á vegum MSS, sbr. atvinnulífssýningarnar í Ráðhúsinu. Greinilegt er að góðir viðburðir vekja athygli fjölmiðla og gesta, auka aðsókn og auglýsa kynninguna.



Myndir frá Menningarnótt

Kynnisferðir um Suðurland

Mikil eftirspurn er eftir hvers kyns samvinnu við Markaðstofuna um skipulagninu og vinnu við kynnisferðir um Suðurland. Í maí var innlendum starfsmönnum frá ferðaskrifstofum, bókunar- og upplýsingamiðstöðvum boðið í kynnisferð um lágsveitir Árnassýslu, þar sem sérstaklega var kynntur nýlagður Suðurstandarvegur og byggðir í nágrenni hans. Í tengslum við þessa ferð kynntu Ölfusingar nýja kynningarmiðstöð í Herjólfshúsinu sem opnuð var í sumar. Eins voru fyrirtæki í nágrennasveitarfélögum kynnt, Hveragerði og Árborg. Um 40 þátttakendur voru í þessari ferð og tókst ferðin í alla staði vel þökk sé einnig ferðapjónstuaðilum sem lögðu sig alla fram við að taka á móti hópnum.



Mynd tekin úr kynnisferð um Lágsveitir

Farnar voru tvær ferðir með erlenda aðila um Suðurland sl. sumar. Báðir hóparnir voru á vegum Iceland Travel og Icelandair. Um var að ræða hvata- og ráðstefnuskrifstofur frá Noregi og Danmörku. Í tilfellum þar sem verið er að bjóða erlendum agentum til landsins er leitast við að fara sem víðast um Suðurland. Ferðirnar standa í tvo til þrjá daga og er ekið austureftir landinu austur á Höfn og flogið til Reykjavíkur eða öfugt. Markaðsstofan hefur þróað nýjan vinkil til að ná til sem flestra aðila í þessum ferðum. Fyrirtækjum sem eru aðilar að Markaðstofunni er þá gefinn kostur á að koma og kynna sig fyrir þessum agentum í svoköllum workshops. Er þetta gert sérstaklega þar sem ekki er hægt að heimsækja alla aðila en mikil krafa er um að öllum sé gert jafnhátt undir höfði.



Mynd tekin úr kynnisferð inni Þórsmörk

Um miðjan júní bauð Markaðsstofan ásamt ferðaþjónustuaðilum við rætur Eyjafjallajökuls / Þórsmörk innlendum ferðasölum í kynnisferð inni Þórsmörk. Er þetta annað árið í röð sem slík ferð er farin og er hún að frumkvæði heimamanna. Ferðin tókst mjög vel með um 35 manna fjölbreyttan hóp starfsmanna í ferðaþjónustunni. Mjög mikilvægt er að bjóða í ferðir um Suðurland og tryggja með því móti að þeir sem eru að selja vöruna okkar þekki og hafi skilning á henni. Almennt eru þátttakendur mjög ánægðir með þessar ferðir og sumir jafnvel orðnir áskrifendur, ef svo má að orði komast.

Fundir

Reglulegir stjórnarfundir eru haldnir annan mánudag í hverjum mánuði. Virk stefnumótun af hálfu stjórnar er þýðingarmikil fyrir starfsemina og framkvæmdastjóranum mikilvægur bakhjarl. Markaðsstofunni berast ýmis erindi sem erfitt getur verið að taka afstöðu til án samráðs við stjórn. Virk stjórn skapar einnig aðhald og yfirsýn yfir reksturinn. Þannig hefur skapast lýðræðislegt starfsumhverfi með fulltrúum stjórnar sem koma úr mismunandi áttum atvinnulífisins.

Markaðsstofan er þátttakandi í ýmsum verkefnum tengdum uppbyggingu ferðaþjónustunnar á Suðurlandi. Þannig komum við sem ráðgefendur og áheyrnarfulltrúar að ferðamála verkefnum í Uppsveitum Árnassýslu, Sveitarfélaginu Ölfus, Hveragerðisbæ, Árborg, Ríki Vatnajökuls og Katla Geoparks. Á vormánuðum var staðið fyrir veglegri Geoparkviku og tóku fulltrúar Markaðsstofunnar þátt í ýmsum viðburðum tengdum henni. Sama átti við um aðdragandann að opnun kynningarmiðstöðvar í Sveitarfélaginu Ölfusi svo fátt eitt sé nefnt.

Heimsóknir til ferðaþjónustuaðila

Í sumar hefur framkvæmdastjóri ferðast vítt og breytt um fjórðunginn og heimsótt fyrirtæki og stofnanir til að kynna starfssemi Markaðsstofunnar.

Samstarf við Markaðsstofur landshlutanna - Íslandsstofu - Ferðamálastofu

Það má segja að komist hafi á gott samstarf milli starfsmanna Íslandsstofu og Markaðsstofunnar. Mikið er um að starfsmenn þaðan leiti upplýsinga og ráðgjafar hjá MSS um ýmis málefni. Eins hefur MSS aðstoðað við móttöku á erlendu fjölmíðlafólki á vegum Íslandsstofu. Það er ánægjulegt að geta miðlað góðum og gagnlegum upplýsingum úr fjórðungnum til þeirra sem bera ábyrgð að markaðssetja Ísland á erlendri grundu. Öll samskipti við Ferðamálastofu hafa verið með besta móti. FMS hefur það mikla hlutverk að halda utan um ýmisskonar eftirlit og leyfisveitingar í ferðapjónustunni ásamt því að eiga leiða starfið í markaðssetningu innanlands. Mikið samstarf hefur verið við markaðsstofur landshlutanna og FMS vegna verkefnisins „Ísland er með ´etta“. Er það ánægjulegt hvað samstarfið hefur gengið vel og hópurinn samstilltur í að ná settum markmiðum í þessu verkefni.

Svo má nefna að Markaðsstofan hefur komið að kynningu á Vakanum, gæðakerfi ferðapjónustunnar, en Ferðamálastofa fór af stað þetta verkefni á vormánuðum.

Ýmiss konar fyrirspurnir koma frá ferðapjónum í fjórðungnum um leyfisveitingar, skráningar o.a. sem varða starfssemi FMS og hefur Markaðsstofan kappkostað við að koma sem mestum upplýsingum til skila til fyrirtækja í fjórðungnum.

Helstu verkefni framundan

- **Sýningar**
 - **Vest Norden október**
 - **Frágangur og dreifing á Landshlutabæklingi 2012/2013**
 - **FAM-ferðir**
 - **Pre-tourar Vest Norden, FAM-ferðir í september og nóvember**
 - **Vinna með markaðsstofum landhlutanna og HN auglýsingastofu við verkefni „Ísland er með ´etta“**
 - **Frekari útfærsla og vinna við Winterwonderland síðuna**